

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2014, þriðjudaginn 2. desember, var haldinn 108. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, formaður, Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir, Björn Gíslason, Hildur Oddsdóttir, Elvar Örn Þórisson, formaður íbúasamtaka Árbæjar. Einnig sátu fundinn Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Trausti Jónsson, verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Betri hverfi 2015.
Unnur Margrét Arnardóttir verkefnisstjóri Betri hverfa, Sonja Wium, verðandi verkefnisstjóri Betri hverfa, Ólafur Ólafsson og Stefán Agnar Finnsson frá umhverfis- og skipulagssviði taka sæti á fundinum og kynna niðurstöður á hugmyndasöfnun.
2. Menningardagar í Árbæ.
Formaður hverfisráðs upplýsir um stöðuna á Menningardögum 2014 sem haldnir verða helgina 5. til 7. desember.
3. Kambavað 5 - breyting á deiliskipulagi.
Kynnt.
4. Tekið fyrir útskrift úr gerðabók Umhverfis- og skipulagssviði varðandi næstu skref í rekstri fjölskyldugarða í Reykjavík. dagsett 6.11. 2014.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Hverfisráð tekur undir tillögur sem koma fram í minnisblaði um Fjölskyldugarða í Reykjavík.

5. Styrkbeiðni Fylkis framhald frá síðasta fundi.

Björn Gíslason víkur af fundi kl. 17:51

Fylki er veittur styrkur upp á 50.000.- kr. vegna fjölskylduskemmtunar um áramótin.

6. Önnur mál

a) Erindi frá íbúasamtökum Norðlingaholts um breytingu á skipulagi byggðar til framtíðar. Formaður mun kynna sér málið nánar. Málinu frestað til næsta fundar.

b) Varaformaður hverfisráðs kynnir opin fund stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á Kjarvalsstöðum um hverfisráðin í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 18:00

Þorkell Heiðarsson

Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir
Margrét Guðnadóttir

Hildur Oddsdóttir